

50 króna sekt, er renni að hálfu í sveitarsjóð Rosmhvalanesshrepps og að hálfu til hlutaðeigandi tilsjónarmanna. Svo greiði þeir og einn fyrir alla og allir fyrir einn allan af áfrýjun þessari löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, yfirjettarmálsfærslumannanna Páls Briem og Guðlaugs Guðmundsonar, 10 krónur til hvors þeirra.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 30. júlímán.

Nr. 12/1888.

Tómas Sigurðsson

gegn

skiptaráðandanum í Kjósar-
og Gullbringusýslu, sýslu-
manni Franz Siemsen.

Dómur:

Við skipti á dánarbúi Sigurðar bónda Guðmundsonar á Knararnesi, föður áfrýjandans, er andaðist 29. desbr. 1884, kom fram krafa frá áfrýjandanum, Tómasi Sigurðssyni, til 148 rdl. 88 sk. (=kr. 297,83) auk lögvaxta, er hann taldi að væri móðurarfur sinn, innistandandi í búi Sigurðar samkvæmt skiptum, er fram höfðu farið á fjelagsbúi foreldra hans eptir lát móðurinnar hinn 28. maí 1874, og krafðist hann þess því nú á skiptunum eptir Sigurð föður sinn, að arfur þessi væri talinn forgangsskuld, en hinn stefndi skiptaráð-

andi úrskurðaði, að arfurinn yrði eigi álitin forgangsskuld, og var búinu síðan skipt samkvæmt því. Þessum úrskurði hefur Tómas Sigurðsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 5. marz þ. á., og krafizt þess, að hann verði felldur úr gildi, að hinn stefndi verði skyldaður til að taka búíð til skipta af nýju, þannig að arfur áfrýjandans með lögvöxtum verði út lagður sem forgangsskuld, og að áfrýjanda verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi. Hinn stefndi hefur aptur krafizt þess, að skiptarjettarúrskurðurinn verði staðfestur, og að áfrýjandi verði skyldaður til að greiða 25 kr. í málskostnað.

Þó að svo verði álitid, að Sigurður Guðmundsson hafi eptir að skiptin fram fóru 28. maí 1874 verið að lögum fjárhaldsmaður sonar síns Tómasar, þá var það þó eigi fyrir fjárhaldsrjett hans, að arfur Tómasar var látinn standa inni í búí hans, heldur fjekk hann að halda arfafjenu samkvæmt heimildinni í tilskip. 18. febr. 1847, 7. gr. b., og tilsk. 25. sept 1850, 19. gr., sbr. nú skiptalög 12. apríl 1878, 62. gr. Þegar því nú eigi verður haldið fram, að Sigurður heitinn Guðmundsson hafi haft arfafjed undir höndum „sem embættismaður, sýslunarmaður, eða í umboði af hálfu hins opinbera“, sbr. síðastnefnd lög 83. gr. a., þá getur arfskrafa áfrýjanda eigi haft forgangsrjett í búinu samkvæmt 18. gr. í tilsk. 18. febr. 1847, en úr því að svo er, getur hún því að eins notið forgöngurjettar fyrir almennum (einföldum) skuldum í búinu, að hún hafi verið tryggð með þinglýsingu annaðhvort á skipta-eptirriti eða lóðseðli áfrýjanda eða skulda-

brjefi Sigurðar Guðmundssonar, sbr. áður tilvitnaðar greinir í tilsk. 18. febr. 1847, 25. sept. 1850, og skiptalögum 12. apríl 1878 („þinglýst ágríp“), en krafa áfrýjanda hefur ekki verið þannig tryggð, því að ekkert hefur verið um hana þinglesið fyrir en æðilöngu eptir lát Sigurðar. Hinn áfrýjaði skiptarjettarúrskurður er því lögum samkvæmur og verður að staðfesta hann. Sem málskostnað á áfrýjandi að greiða hinum stefnda 15 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði skiptarjettarúrskurður á að vera óraskaður. Áfrýjandinn, Tómas Sigurðsson, greiði hinum stefnda, sýslumanni og skiptaráðanda Franz Siemsen, 15 krónur í málskostnað, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 6. ágústmán.

Nr. 5/1888.

Haraldur Ó. Briem

á Búlandsnesi

gegn

Jóni hreppstjóra Jónssyni

á Borgargarði.

Úrskurður:

Mál þetta var dæmt í aukarjetti Suðurmúlasýslu 20. okt. f. á. með þeim úrslitum, að áfrýjandi, Haraldur Ó. Briem, skyldi greiða hinum stefnda, Jóni hreppstjóra Jónssyni, 221 kr. 49 aura og 4⁰/₁₀ vexti af